Stofnskrá fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs

1. gr.

Stofnunin heitir Náttúrufræðistofa Kópavogs og er eign Kópavogsbæjar.

2. gr.

Tekjur stofunnar eru fjárveitingar úr bæjarsjóði og aðrar tekjur eftir atvikum sem stofan hefur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu, auk styrkja frá opinberum aðilum. Allur arður af starfseminni rennur til stofunnar. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

3. gr.

Náttúrufræðistofa Kópavogs starfar í samræmi við gildandi safnalög og fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM, International Council of Museums).

4. gr.

Aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs eru:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,

b. að safna náttúrufræðilegum gögnum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,

c. að veita almenningi og nemendum fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,

d. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,

e. að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Málefni Náttúrufræðistofu Kópavogs heyra undir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar. Bæjarskrifstofur annast bókhald stofunnar og fjárreiður.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

6. gr.

Stjórn Náttúrufræðistofu skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

7. gr.

Forstöðumaður er ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogs um ráðningar starfsmanna. Hann annast allan daglegan rekstur stofunnar, gerir fjárhagsáætlanir, ræður starfslið stofunnar og er í forsvari fyrir hana. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu.

8. gr.

Komi til þess að Náttúrufræðistofa Kópavogs verði lögð niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

Samþykkt af lista- og menningarráði Kópavogs 7. nóvember 2013.
Breytingar samþykktar á fundi bæjarstjórnar þann 14. september 2021.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026